



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

## Samráðsgátt sjórvalda

Reykjavík 25. september 2025

### Efni: Umsögn Landssambands lögreglumanna (LL) vegna áforma um lagasetningu, mál FJR25050080.

Landssamband lögreglumanna hefur farið yfir og fjallað um gögn á samráðsgátt er varða áform um lagasetningu vegna hugmynda um breytingar á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (afnám áminningar). Fyrir liggja gögn málsins úr samráðsgátt, skýrsla starfshóps frá 4. mars 2025 um hagræðingu í ríkisrekstri, o.fl.

Landssamband lögreglumanna mun á síðari stigum fjalla mun ítarlegar um málefnið komi fram drög að lagafrumvarpi í samráðsgátt. Að því er LL varðar þarf nálgun á viðfangsefnið að taka mið af nokkrum grundvallaratriðum er varða stétt lögreglumanna.

Hið fyrsta er að lögreglumenn teljast vera embættismenn í skilningi laga nr. 70/1996 (starfsmannalög) og lögreglulaga nr. 90/1996. Fyrir því eru ítarleg gild rök og eru lögreglumenn skipaðir til fimm ára í senn. Eins og málið virðist lagt upp myndi afnám áminningarskyldunnar því ekki eiga við um lögreglumenn enda eru þeir embættismenn í skilningi laga. Skýrt kemur fram í gögnum samráðsgáttar og skýrslu hagræðingarhópsins að ekki sé ætlunin að hrófla við áminningarskyldu embættismanna. Landssamband lögreglumanna er skýrt með andstöðu sína við afnám áminningarskyldu lögreglumanna.

Í öðru lagi er rétt að nefna sérstaklega að ólíkt langflestum öðrum starfsstéttum á Íslandi hafa lögreglumenn ekki verkfallsrétt. Af því leiðir óhjákvæmilega að möguleikar þeirra á að hafa áhrif á starfskjör og starfsumhverfi eru takmarkaðri en hjá öðrum stéttum. Ef ætlunin væri að afnema áminningarskyldu gagnvart lögreglumönnum væri grófllega vegið að réttindum, kjörum og starfsumhverfi lögreglumanna sem eiga ekki sömu möguleika og aðrar stéttir á að hafa áhrif á slíka þætti.

Í þriðja lagi eru lögreglumenn með auknar skyldur samkvæmt lögum og kjarasamningi þegar kemur að yfirvinnu og viðveru á vinnustað eftir ákvörðun forstöðumanns á stofnun. Verða lögreglumenn fyrir miklum skerðingum á frítíma sínum er kemur að t.d. bakvöktum, útköllum o.fl. sem hefur í för með sér ítrekaða röskun á einka- og fjölskyldulífi þeirra. Með slíku fyrirkomulagi má í reynd segja að yfirvöld hafi fallist á að sérstök sjónarmið gildi um lögreglumenn og ríkar starfsskyldur þeirra. Mjög mikil ábyrgð þeirra í starfi gerir að verkum að óeðlilegt væri með öllu að afnema áminningarskyldu.

# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Í fjórða lagi geta lögreglumenn ekki ráðið sig til annarra launaðra starfa í sínum frítíma líkt og langflestir aðrir þegnar þjóðfélagsins, án þess að fá fyrir því skriflegt leyfi forstöðumanns/yfirmanns. Fyrir þessu fyrirkomulagi eru í senn gild rök og brýnir samfélagslegir hagsmunir. Væri afnám áminningarskyldu óeðlilegt skref í þessu ljósi.

Í fimmta lagi eru störf lögreglumanna oft á tíðum hættuleg. Lögreglumenn geta ekki valið um að sinna máli þegar svigrúm skapast í dagbók þeirra heldur þurfa þeir að bregðast strax við, jafnvel vopnaðir í útköll, í fullkomnri óvissu um þann vettvang, verkefni og aðstæður sem bíða þeirra. Þeir kljást m.a. við mál er varða hættulega einstaklinga, skipulagða brotastarfsemi, alvarleg ofbeldisbrot, náttúruvá og ýmsar samfélagsógnir, þurfa mæta inn á heimili fólks þar sem alvarlegir atburðir hafa átt sér stað, á erfiðan slysavettvang o.fl. Lögreglumenn sem mæta á vakt vita því lítið sem ekkert um verkefni sem reka á fjörur þeirra þann daginn, ólíkt mörgum öðrum starfsstéttum. Þeir eiga einfaldlega ekkert val um að tímasetja verkefni síðar eða annast af hentusemi.

Því gefur það augaleið, í sjötta lagi, að vegna eðlis starfa lögreglumanna er mun meiri hættu á slysum, óföllum, mistökum í starfi o.s.frv. hjá lögreglumanni heldur en gerist og gengur almennt séð hjá öðrum starfsstéttum. Af þeim sökum m.a. væri það mikil afturför og réttarskerðing ef afnema ætti áminningarskyldu gagnvart lögreglumönnum.

Í sjöunda lagi verður að benda á að lögreglumenn verða umfram aðrar starfsstéttir fyrir ofbeldi vegna starfa sinna, eignarspjöllum, hótunum o.fl. með þeim hætti sem aðrar starfsstéttir búa almennt ekki við. Af þessum sökum hefur löggjafinn m.a. kveðið á um rýmri bótarétt til handa lögreglumönnum og íslenska ríkið hefur um áratuga skeið keypt sérstaka og auknar tryggingar vegna lögreglumanna og starfa þeirra.

Að öllu framangreindu virtu er alveg ljóst að almenn fyrirætlun stjórnvalda um að afnema áminningarskyldu samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins getur aldrei átt við um lögreglumenn og störf þeirra.

Reynsla Landssambands lögreglumanna á undanförunum árum ber ekki með sér að vandræði séu með löggjöf að þessu leyti. Er LL þeirrar skoðunar að löggjöfin þarfnist ekki breytinga. Er sérstaklega varað við því að stjórnvöld bryddi upp á einhverri sér íslenski leið að þessu leyti er varðar afnám áminningarskyldu gagnvart opinberum starfsmönnum, þegar helstu nágrannalöndin haga reglum með þeim hætti að veita starfsfólki tækifæri á að bæta ráð sitt áður en gripið er til uppsagna. Það er þvert á móti álit LL að verði áminningarskylda felld úr lögum bjóði það aukinni hættu heim á geðþóttaákvörðunum í starfsmannamálum, aukinni hættu á misbeitingu valds til þess að losna við starfsfólk, beitingu ógnarstjórnunar o.fl. Eru stjórnvöld hvött til þess að eiga ríkt samráð við hagsmunaaðila launafólks á opinberum vinnumarkaði áður en hugmyndir í þessa veru eru unnar frekar.

Hjá LL hafa á undanförunum árum ratað á borð nokkur áminningarmál. Þau mál gefa á engan hátt tilefni til endurskoðunar starfsmannalaga að þessu leyti. Vandkvæðin eru að mestu leyti bundin við stjórnendur stofnana, hnökrar eru í samskiptum stjórnenda og

## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

starfsmanns, starfsmanni stundum ekki tryggð þau lágmarksréttindi að hafa fulltrúa stéttarfélags eða lögmann með í ferlinu, mál ekki rannsakað nægjanlega, áminning er veitt á óljósum eða ófullnægjandi forsendum, o.s.frv. Í sumum tilvikum hafa starfsmenn tekið áminningu. Í einhverjum tilvikum hefur verið hætt við áminningu að undangenginni frekari skoðun máls, og í einhverjum tilvikum hafa áminningarmál ratað til dómstóla. Allt eru þetta að mati LL eðlilegar leikreglur á vinnumarkaði sem tryggja lágmarksréttindi starfsmannsins og setja um leið ákveðnar og eðlilegar kröfur á stjórnendur stofnana um vandaða stjórnarsýsluhætti í starfsmannamálum.

Er það mat LL, eftir að hafa fengist við mjög mörg mál árum saman um áminningar lögreglumanna, að vandinn sem við er að etja liggja miklu fremur í stjórnendum á stofnunum. Að þeim þyki „of eftir“ að fást við starfsmannamál. Þeir veigri sér við að beita reglunum og séu ákvarðanafælnir, beiti reglum ekki með réttum hætti, eða jafnvel ofmetnist með það eitt að markmiði að ætla sér að losna við starfsmanninn sama hvað, og nýti sér heldur ekki nægjanlega þá menntunar- og þjálfunarmöguleika í mannauðsmálum sem þeim stendur til boða. Þá eru einnig nýleg dæmi um að lögreglumenn hafi tekið áminningu, en þeim svo engu síður í kjölfar áminningar „verið„refsað“ með öðrum hætti án þess að hafa verið gerð grein fyrir því við meðferð áminningarmálsins að eitthvað slíkt stæði til. Eru dæmi um að þrátt fyrir að starfsmaður hafi iðrast háttseminnar, lofað bót og betrun og tekið áminningu, hafi stjórnandi tekið af alla möguleika lögreglumannsins á yfirvinnu, fært viðkomandi til í starfi, sett lögreglumanninn í reynd út í horn, í sérverkefni o.s.frv. Ætti allur kraftur yfirvalda miklu fremur að fara í að þjálfva stjórnendur í stjórnsýslu- og starfsmannarétti fremur en að vera eyða tíma og kröftum í breytingar á ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eru gildandi ákvæði starfsmannalaga að þessu leyti bæði eðlileg og nauðsynleg að mati LL.

Samandregið er það því umsögn LL að málið þarfnist miklu viðameiri undirbúnings og samráðs við stéttarfélög opinberra starfsmanna, að fyrirbyggjandi áform eigi ekki við um lögreglumenn sem embættismenn, að gjalda beri varhug við því að fara einhverja sér íslenska leið að þessu leyti sem er á skjön við löggjöf og málsmeðferð í helstu nágrannaríkjunum svo og að nauðsynlegt sé að þjálfva stjórnendur í stjórnsýslu- og starfsmannarétti svo tryggja megi betur réttláta & vandaða málsmeðferð í þessum málum.

Landssamband lögreglumanna

  
Fjölur Sæmundsson formaður /   
Hólmsteinn Gauti Sigurðsson framkvæmdastjóri